

Hann hefði gengið á skóla, og lært það sama, sem ég læri daglega hjá góða prestinum Bergholm, en þeir ríku hefðu rekið sig út í heimssollinn og bakað sér sorg og ógæfu,— og svo hefði hann orðið tryltur af hatri”.

“Það lítur út fyrir, að þú hafir veitt öllu því, sem hinn rauðhærði sagði, nána eftirtekt”, sagði móðir hans.

“Já, mamma. Hann spurði mig um foreldra mín, og vildi fá að vita, hver faðir minn var”.

“Og hverju svaraðir þú?”

“Ég sagði honum allt, sem ég vissi, að við hefðum áður átt heima í fallegu húsi og fengið allt, sem við þurftum, að maður nokkur, sem oft hefði komið til okkar og verið okkur góður, hefði máskæ verið faðir minn, en að hann væri nú dáinn, og þess vegna hefðum við neyðst til, að yfirgefa fallega húsið okkar og garðinn, þegar við vorum orðin fátæk. En þegar hann spurði, hvað faðir minn hefði heitið, skammaðist ég mín nærri því fyrir að vita það ekki”

Þú þarft ekki að skammast þín fyrir það, barnið mitt”, sagði húsrú Sterner, “það fylgir engin vanvirða faðerni þínu, og hve mikið, sem ég hef liðið, og hve mikið, sem ég hef verið baknögur og rangt skoðuð, þá get ég þó horft framan í hvern, sem vera skal, án þess að blygðast, og sagt: Hann er sonur minn”.

“En, mamma, var faðir minn þá svo fátækur, þegar hann dó, að hann ætti ekkert handa okkur að lifa af?”

“Nei, faðir þinn var ríkur, mjög ríkur, einn hinna sterkrikustu manna. Þú getur því skilið orsökina til hræðslu minnar, þegar þú sagðir mér, að þú hefðir svarið mínum ríku órjúfandi hatri, — það var eins og sonurinn vildi hata minningu föður síns —”